

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, 17. september 2019.

Fundurinn var 6. fundur starfsársins og fundur nr. 2909 frá upphafi. Fundurinn var í umsjón Ferðanefndar og haldinn í Café Catalínu klukkan 17:30. Á fundinn mættu 22 félagar sem gerir 76% mætingu. Gestir voru fjórir, þau Ástríður Pálsdóttir, Marta Loftsdóttir, Gunnar Jóhannsson og Pálína Kristinsdóttir.

Forseti setti fund kl. 17:55 og las ljóð Bubba Mortens „Fjaðrir“, minnti féлага á Umdæmisþing Rótarýklúbba 11. og 12. október og að tilkynna þátttöku. Þá er von á heimsókn umdæmisstjóra, Önnu Stefánsdóttur á fund, 8. október n.k.

Ásgeir G. Jóhannesson flutti 3ja mínútna erindi. Hann fjallaði um „Veröld sem var“, þ.e. um ferð norður í land og heimsókn á Kristneshælið sem nú er safn. Hann tók eftir því að heill veggur var „betrektur“ með sendibréfum. Þar á meðal var bréf frá unglingspilti, 14 ára, sem lést seinna aðeins 15 ára. Sá skrifaði mörg bréf til forelda sinna og oft var í þessum bréfum ósk um peningasendingu, tókall fyrir bréfsefni og ýmsu öðru smálegu. Fátæktin var mikil á þessu tímabili sem kemur vel fram í bréfunum. Eitt sinn kom sending til drengsins og það voru heilar 35 kr. sem þótti mikið fé í þá daga. Þessum peningum hafði verið safnað á Húsavík af jafnöldrum hans. Ásgeir kom auga á 7 rif í safninu sem höfðu verið höggvin úr skólabróður hans. Mikið var um ljóðalestur, spilað og sungið á hælínu. Vinsælasta lagið var „Í fjarlægð“ spilað af lúðrasveitinni Fram. Sunnuhlíðin okkar á einnig tengsl við Kristneshælið vegna trúnaðargjafar, heilu umslagi af þúsundköllum sem einn af forsvarsmönnum við byggingu Kristneshælisins færði Sunnuhlíð.

Friðbert Pálsson kynnti fyrirlesara dagsins, Pálínu Kristinsdóttur. Hún er mikill áhugamaður um ferðalög, farið margar ferðir um Ísland, verið með leiðsögn á Ítalíu, í Þýskalandi og á Íslandingslóðum í Kanada. Frá 2014 hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri og ferðaskipuleggjandi hjá ferðaskrifstofunni AroundTheWorld.is sem hún á og rekur. Pálína tók stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, kerfisfræði í Hannover í Þýskalandi, rekstrar- og viðskiptanam hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og útskrifaðist sem fararstjóri erlendis frá Ferðamálastjóla Íslands árið 2013. Pálína starfaði til margra ára sem yfirmaður í tölvudeildum bankanna, sem sérfræðingur í Seðlabankanum, var framkvæmdastjóri hjá Skýrslutækni félagi Íslands og verkefnastjóri hjá Iceland Express Travel s.l. 9 ár en er nú alfarið í skipulagningu ferða, leiðsögn og ferðþjónustu.

Pálína sagði frá reynslu sinni í ferðamálum og gaf heilræði til ferðalanga, hafa til dæmis lyfin í handfaragri, um tryggingar, farangur, láta fararstjóra vita um sjúkdóma og margt fleira. Hún kynnti m.a. aðventuferð til Dresden, 28. nóvember n.k., Hvítasunnuferð sem er 9 náttu ferð, Ítalíuferð þar sem gist er við Gardavatnið, siglingu um Eystrasaltið og siglingu um Rínarfjórðið. Stóra ferðin er til Ástralíu og Nýja Sjálands í október 2020, 20 náttu ferð. Allar ferðir félagsins eru kolefnisjafnaðar.

Til máls tóku: Friðbert Pálsson, Ástríður Pálsdóttir, Kristófer Þorleifsson og Inga Hersteinsdóttir.

Forseti þakkaði Pálínu fyrir erindið og minnti á næsta fund, 1. október sem er í umsjá Þjóðmálanefndar og Bolli Magnússon flytur 3ja mínútna erindi.

Farið var með fjórprófið og Forseti sleit fundi kl. 18:55.